



Tanni Travel
Strandgötu 14
735 Eskifjörður
Fjarðabyggð

Tel. +354-476-1399
Fax +354-476-1599
tannitravel@tannitravel.is
www.tannitravel.is



Austur-Þýskaland 10. september - 17. september 2010

Föstudagurinn 10. september

Flogið með Iceland Express kl. 14.55 frá Keflavík til Berlínar, höfuðborgar Þýskalands. Lent að staðartíma kl. 20.15. Ekið beint á hótél í Berlín, þar sem síðbúinn kvöldverður bíður hópsins.

Pentahótél í Berlín www.pentahotels.com/en/berlin-koepenick/

Laugardagurinn 11. september

Eftir morgunverð verður farin skoðunarferð um Berlín. Meðal þess sem skoðað verður er Brandenburgerhlið og Potsdamer Platz (torg). Frjálst tími í Berlín í skoðunarferðinni.

Sunnudagurinn 12. september

Eftir morgunverð höldum við til Potsdam, en það er höfuðborg Brandenburgerfylkis, staðsett um 24 km. suðvestur af miðborg Berlínar. Í Potsdam byggðu kjörfurstar, og síðar konungar, af ætt Hohenzollern hallir sínar. Ákaflega fögur og fjölbreytt borg.

Mánudagurinn 13. september

Eftir morgunverð tökum við sveitarúnt norður fyrir Berlín, en gömlu austur þýsku bæirnir þar hafa lítið breyst í árunna rás. Skemmtileg dagsferð þar sem við ferðumst aftur í tímann.



Þriðjudagurinn 14. september

Ekið til Schwarzheide, sem er um 50 km. norðan við Dresden, þar gistum við næstu 3 nætur. Á leiðinni förum við að pólsku landamærunum og horfum yfir til Póllands.

Ramada Hótél Schwarzheide www.ramada.com

Miðvikudagurinn 15. september

Dresden er höfuðborg Saxlands og stendur á bökkum árinna Elbu. Dresden var nánast lögð í rúst í seinni heimstyrjöldinni en mikil uppbygging hefur átt sér stað, sérstaklega eftir sameiningu Þýskalands. Deginum munum við verja í þessari fallegu borg.

Fimmtudagurinn 16. September

Spreewald, sem er friðað vatnasvæði, en þar breiðir áin Spree úr sér í 200 álum sem eru samtals yfir 1300 km. Siglt verður eftir álnum (að hluta) og þetta fallega svæði skoðað innan frá.

Föstudagurinn 17. September

Eftir morgunverð er ekið til Berlínar og dagurinn notaður til að skoða sjónvarpsturninn, sem er hæsta bygging í Þýskalandi 368 m. hár. Við munum einnig fara að Checkpoint Charlie sem var ein þekktasta landamærastöð í Berlín á þeim árum er Berlín var skipt borg. Frjálst tími gefinn í skoðunarferðinni.

Flogið er heim kl. 21.05 og lent í Keflavík kl. 22.25.

Verð pr. mann:
189.000,-

Aukagjald f. eins manns herbergi:
39.800,-

Innifalið í verði: Flug Keflavík-Berlin-Keflavík, allur akstur erlendis, íslensk leiðsögn, sigling á álum Spree, gisting í tveggja manna herbergjum m. baði, 7 morgun- og kvöldverðir.